



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

5. gr.

Stjórn skal taka við störfum á aukaaðalfundi sem halda skal í júní á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram. Á fundinum skal lögð fram til afgreiðslu tillaga kjörnefndar að skipan stjórnar SSA og fráfaramandi stjórn kynna nýrri stjórn málefni SSA. Fulltrúa á aðalfundi er heimilt að leggja fram breytingartillögu við tillögu kjörnefndar. Þó er aðeins heimilt að taka til afgreiðslu breytingartillögu sem uppfyllir ákvæði samþykkt þessara um skipan stjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga um kynjahlutfall í nefndum og ráðum.

Skipan fulltrúa í stjórn SSA skal vera í samræmi við neðangreint:

Sveitarfélag með 3.000 íbúa eða fleiri: Tveir aðalfulltrúar annars vegar og tveir varafulltrúar hins vegar. Skal fyrsti varafulltrúi vera til vara fyrir fyrsta aðalfulltrúa og eins skal annar varafulltrúi vera fyrir annan aðalfulltrúa.

Sveitarfélag með 300 íbúa eða fleiri: Önnur aðildarsveitarfélög: Einn aðalfulltrúi annars vegar og einn varafulltrúi

hins vegar.

Eigi sveitarfélag ekki stjórnarmann getur það kosið áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, sem hefur seturétt á stjórnarfundum SSA, sem og varaáheyrnarfulltrúa.

Enginn má eiga sæti í aðalstjórn lengur í senn en átta ár, en kjósa má hann aftur, þegar liðin eru fjögur ár frá stjórnarsetu.

Kjör fulltrúa í stjórn gildir fram að aukaaðalfundi skv. 1. mgr. Missi fulltrúi í stjórn kjörgengi sitt á kjörtímabilinu eða óskar sjálfur eftir að hætta í stjórn skal fela kjörnefnd að gera tillögu til næsta aðalfundar að fulltrúa í stað viðkomandi.

6. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum röðum formann og varaformann. Er kjörtímabil þeirra hið sama og stjórnar. Formaður skal ekki koma frá sama sveitarfélagi og á undanfarandi kjörtímabili. Stjórn fer með málefni sambandsins á milli fulltrúafunda.

Stjórn SSA hefur það hlutverk að sitja sem fulltrúar sveitarstjórnarstigsins í stjórn Austurbrúar.



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Stjórn SSA boðar fulltrúa Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem búsettur er á starfssvæði SSA, á fund sinn ef ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Stjórnin skal vinna að framkvæmd þeirra mála, sem aðal- og fulltrúafundir ákveða, svo og öðrum málefnum, er varða hagsmuni landshlutans hverju sinni og/eða til hennar kann að verða vísað.

Stjórn skal og:

1. vinna að því að efla samstarf sveitarfélaganna innan landshlutans,
2. sjá um almenna kynningu á Austurlandi, halda á lofti kostum landshlutans og vinna að því að efla samkennd íbúa hans og styrkja þjóðfélagslega stöðu þeirra,
3. vinna að því að auka áhrif íbúa landshlutans varðandi ákvarðanir og ráðstöfun fjármagns.

Leitast skal við að fundir stjórnar séu ávallt fullskipaðir. Komi til óviðráðanlegra forfalla aðal-~~manns~~fulltrúa skal kalla til varafulltrúa með eftirfarandi hætti. Fyrst skal boða varafulltrúa viðkomandi aðalfulltrúa. Komist sá ekki til fundar skal næst boða hinn varafulltrúa viðkomandi sveitarfélags, eigi sveitarfélagið tvo fulltrúa í stjórn. Komist varafulltrúi sama sveitarfélags ekki til fundar er heimilt að boða hvaða varafulltrúa sem er til fundarins. Varafulltrúar sem taka sæti aðalfulltrúa á stjórnarfundum hafa í öllum tilfellum sömu réttindi og aðrir stjórnarmenn, þ.m.t. fullan atkvæðisrétt, nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu mála innan stjórnar. Þó er hverjum fulltrúa í stjórn heimilt að krefjast þess við afgreiðslu einstakra mála, að um atkvæðavægi fari eftir sömu reglum og á fulltrúafundum, sbr. 1. mgr. 4. gr. samþykktu þessara, og skal þá orðið við því. Óheimilt er þó að framselja atkvæði innan stjórnar líkt og heimilt er á fulltrúafundum sbr. 2. mgr. 4. gr. samþykktu þessara. Hátti svo til á stjórnarfundum þar sem ákvæði þessu er beitt að varafulltrúi frá einu sveitarfélagi situr fundinn í stað aðalfulltrúa annars sveitarfélags skal fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar stjórnar.

Commented [N1]: Sérstakur aukavarnagli.

Stjórnin skal haga störfum sínum þannig að eigi sjaldnar en einu sinni á reglulegu kjörtímabili sveitarstjórna geti sveitarfélög óskað eftir samráðsfundi með stjórn.

Stjórn er heimilt, að eigin frumkvæði eða samkvæmt ákvörðun fulltrúafundar, að skipa í starfsnefndir og kjósa fulltrúa í nefndir, ráð og á opinbera fundi eftir því sem tilefni gefast, eða lög kveða á um hverju sinni. Hyggist stjórn skipa í nefndir til starfa á fulltrúafundum skal taka ákvörðun um slíkt þegar ákvörðun er tekin um boðun fundarins og skal tilgreint í fundarboðinu hvaða nefndir skulu starfa á fundinum.